

Ef aðstæður leyfa, skal nemendum kenndur akstur og meðferð reiðhjóla og dráttarvéla, en annars leiðbeint um það. **51**

8. apríl

Fyrir lokapróf skyldunáms skal unglingum fenginn leiðarvisir í umferðarmálum, sbr. 1. mgr. 82. gr. umferðarlaga nr. 26 1958.

8. gr.

Við brottfararpróf úr barnaskólum í kaupstöðum og annars staðar, þar sem því verður við komið, skulu nemendur ganga undir umferðarpróf. Einnig skulu nemendur í 2. bekk þeirra skóla, sem um getur í 7. gr., ganga undir umferðarpróf. Skólunum skulu send prófverkefni hverju sinni. Gefa skal einkunn við prófið.

9. gr.

Í Kennaraskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands skal umferðarfræðsla vera skyldunámsgrein.

Halda skal námskeið fyrir þá kennara, sem réttindi vilja öðlast til að kenna börnum og unglingum umferðarmál. Þeir sem sótt hafa slík námskeið og sýnt, að þeir séu hæfir til kennslu, skulu öðrum fremur hafa hana á hendi.

Námskeiðin skulu haldin, þegar þurfa þykir, og skal fræðslumálastjóri hafa yfirumsjón með þeim.

10. gr.

Ríkisútgáfa námsbóka lætur gera námsbækur í umferðarmálum, er hæfa þeim aldursflokkum, sem námsskyldu hafa samkvæmt reglugerð þessari.

11. gr.

Menntamálaráðherra getur, ef þörf þykir, ráðið sérfróðan mann um stundarsakir til þess að hafa umsjón með umferðarfræðslu í skólum landsins í samráði við fræðslumálastjóra og til þess að stjórna námskeiðum samkvæmt 9. gr.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 83. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi þegar í stað.

Menntamálaráðuneytið, 8. apríl 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUR

Rithöfundasambands Íslands um hagsmunagæzlu fyrir rithöfunda og aðra eigendur ritréttar.

52

8. apríl

1. gr.

Rithöfundasamband Íslands gætir hagsmuna íslenzkra og erlendra rithöfunda og annarra eigenda ritréttar að því er varðar flutningsrétt á ritverkum, þýðingarétt, endurprentun ritverka í blöð og tímarit og rétt til vélrænnar upptöku.

2. gr.

Sambandið hyggst ná tilgangi sínum skv. 1. gr. með því að semja við Ríkisútvarpið og aðra aðila um gjöld fyrir opinberan flutning ritverka og vélræna upp-

52 töku þeirra, og þýðendur eða bókaútfendur um þýðingarrétt svo og eigendur 8. apríl blaða og tímarita um endurprentun (reproduktion) ritverka í blöð og tímarit. Getur sambandið sett taxta um gjöld þessi og innheimt gjöldin svo og framkvæmt hvað annað, er hentugt þykir og hér að lýtur, þ. á m. málshöfðanir til gæzlu og verndar hagsmunum þessum.

3. gr.

Meðlimir í Rithöfundasambandi Íslands skulu gefa sambandinu umboð til hagsmunagæzlu fyrir sig skv. 1. og 2. gr. samþykkt þessara, þá skal sambandið og leita eftir umboðum annarra íslenskra og erlendra rithöfunda, erfingja látinna höfunda, útgefenda og annarra eigenda ritréttar.

4. gr.

Stjórn sambandsins ber ábyrgð á rekstri þessum og fjárreiðum og skal haga rekstrinum á þann hátt, að sem minnstur kostnaður leggist á höfundabóknanir þær, sem sambandið innheimtir fyrir umbjóðendur sína.

5. gr.

Ársreikningar sambandsins varðandi starfsemi þessa, gagnrýndir af löggiltum endurskoðanda, skulu sendir menntamálaráðuneytinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

6. gr.

Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á samþykktum þessum.

7. gr.

Samþykktum þessum má eigi breyta nema á aðalfundum sambandsfélaganna og með minnst $\frac{3}{4}$ atkvæða fundarmanna og hafi þess þá verið getið í fundarboði, að breytingar á samþykktum þessum yrðu teknar til meðferðar.

Bráðabirgðaákvæði.

Reglur þessar, sem taka gildi þegar við staðfestu, eru settar til bráðabirgða af núverandi stjórn sambandsins, og skal leggja þær fyrir næsta aðalfund sambandsfélaganna til endanlegrar samþykktar.

Reykjavík, 2. apríl 1960.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands.

Björn Th. Björnsson. **Guðm. Gíslason Hagalín.** **Einar Bragi Sigurðsson.**
Friðjón Stefánsson. **Stefán Júlíusson.**

Reglur þessar staðfestast hér með, að því tilskildu að leita skal staðfestingar ráðuneytisins á breytingum og viðaukum, er á þeim kunna að verða gerðar.

Menntamálaráðuneytið, 8. apríl 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius